




# Vörumerkjastaðall





## Merki ÍSÍ

Merki ÍSÍ sýnir gjósandi eldfjall sem hvílir á Ólympíuhringjunum. Þrjár rauðar eldtungur tákna innri kraft, hreysti og hinn ólympíska eld. Fjallið er stílfært úr fimm röndum í íslensku fánalitunum, blá og hvít til hvorrar hliðar og ein rauð í miðju.

Ólympíuhringirnir, fimm hringir sem fléttast saman, eru tákni fyrir einingu og samhug hinna fimm byggðu meginlanda (Norður- og Suður-Ameríka taldar eitt meginland). Litir í litaðri útgáfu Ólympíuhringjanna voru valdir með hliðsjón af því að í hverjum þjóðfána, sem í notkun var árið 1914 þegar merkið var tekið upp, var að minnsta kosti einn þessara lita. Hvítur litur, sem er bakgrunnur Ólympíuhringjanna, er órjúfanlegur hluti af merkinu.

Ólympíuhringirnir eru fastur hluti af merki ÍSÍ. Gæta verður þess að nota hringina með merki ÍSÍ í þeim hlutföllum og litum sem eru sýnd hér. Hvítur litur, sem er bakgrunnur merkis ÍSÍ, er órjúfanlegur hluti af merkinu.



Algengasta notkun merkisins er án heitis



Merki með íslensku heiti  
- lóðrétt uppsetning



Merki með ensku heiti  
- lóðrétt uppsetning



Merki með íslensku heiti - lárétt uppsetning

## Letur

Letrið sem notað er í heitinu er Lucida Sans – Demibold Roman

## Litir

Eftirfarandi eru litirnir fyrir merki ÍSÍ, að meðtöldum Ólympíuhringjunum og hvítum. Merkið má ekki nota í öðrum litum.

ÍSÍ blár	PMS 293 C	C: 100 M: 60 Y: 0 B: 0
ÍSÍ & OL rauður	PMS 032 C	C: 0 M: 100 Y: 100 B: 0
OL blár	PMS 300 C	C: 100 M: 43 Y: 0 B: 0
OL gulur	PMS 130 C	C: 0 M: 27 Y: 100 B: 0
OL grænn	PMS 347 C	C: 100 M: 0 Y: 79 B: 9
OL svartur	PMS Pro Black C	C: 0 M: 0 Y: 0 B: 100



Aðal litaútgáfu merkisins má einungis nota á hvítan bakgrunn.

Merkið er hægt að nota í einum lit þegar aðal litaútgáfunni verður ekki komið við, t.d. vegna takmarkana á litafjölda eða bakgrunns.



Dæmi um merkið í fullum litum á hvítum grunni og í einum lit á hvítum og dökkum grunni.

## Dæmi um aðra notkun

Þegar merkið er notað fyrir barmmerki, verðlaunagripi úr málmum eða nauðsynlegt er að hafa merkið að hluta til úr málmum. Undir slíkum kringumstæðum má nota merkið með útlínu og Ólympíuhringina úr málmum og hvítt á milli bláa og rauða litsins í fjallinu.





## Merki Alþjóðaólympíunefndarinnar (IOC)

Strangar reglur gilda um notkun merkisins á alþjóðavísu sem og hérna heima. ÍSÍ er eini aðilinn á Íslandi sem má nota merkið.



## Dæmi um óleyfilega meðferð á merki ÍSÍ






## Merki ÍSÍ í kynningarefni

Það er stranglega bannað að nota merki ÍSÍ með öðrum merkjum, t.d. í auglýsingum, bæklingum eða öðru kynningarefni, án leyfis ÍSÍ. Um notkun merkisins í þessum tilfellum gilda þær reglur sem lýst er í þessum merkjastaðli.

Hér fyrir neðan má sjá reglur þær sem gilda um notkun merkisins þegar það er notað í kynningarefni með samstarfaðilum.




### Lágmarks fjarlægð merkja, texta eða hönnunarforma frá merki ÍSÍ

Að ofan og neðan nemur fjarlægðin frá ystu mörkum merkisins þvermáli eins Ólympíuhrings.


Til hliðanna nemur fjarlægðin tveimur hringjum.



## Dæmi um notkun



Erore num sitis veles modi sinus es eos ditaecto qui iliquia isquias si id quaerei cillupi denihilis sectem fuga.



Erore num sitis veles modi sinus es eos ditaecto qui iliquia isquias si id quaerei cillupi denihilis sectem fuga.

Erore num sitis veles modi sinus es eos ditaecto qui iliquia isquias si id quaerei cillupi denihilis sectem fuga.





## Merki á vegum ÍSí

Ýmis merki heyra undir ÍSí sem tengjast starfseminni, verkefnum og verkjum sem ÍSí hefur umsjón með.

Ef spurningar vakna um notkun þeirra, leitið þá til skrifstofu ÍSí eða á vefsíðu ÍSí, [www.isi.is](http://www.isi.is). Almennt skulu

merki í lit vera notuð á hvítum bakgrunni, en heimilt er að nota einlit merki á lituðum bakgrunni.

Nánari upplýsingar um verkefni má finna á vefsíðu ÍSí.



HEIÐURSHÖLL ÍSÍ

## Heiðurshöll ÍSí

Í tilefni 100 ára afmælis ÍSí samþykkti framkvæmdastjórn ÍSí að setja á stofn Heiðurshöll ÍSí.

Heiðurshöll ÍSí er óáþreifanleg höll afreksíþróttafólks og afreksþjálfara Íslands, í ætt við Hall of Fame á erlendri grundu. Framkvæmdastjórn ÍSí útnefnir einstaklinga í Heiðurshöll ÍSí eftir reglugerð þar að lútandi og er Heiðursráð ÍSí ráðgefandi aðili varðandi tilnefningar.

Með þessu verkefni vill ÍSí skapa vettvang til að setja á frekari stall framúrskarandi fólk og skapa minningar í máli og myndum af þeirra helstu afrekum.

Nánar um **Heiðurshöll ÍSí**: [www.isi.is/um-isi/heidursholl-isi/](http://www.isi.is/um-isi/heidursholl-isi/)



## Ísland á iði - Baráttan við sófann

Rannsóknir hafa rökstutt mikilvægi hreyfingar fyrir líkamlegt og andlegt heilbrigði. Mikilvægt er að Íslendingar hreyfi sig því að offita og hreyfingarleysi er vaxandi vandamál hjá þjóðinni.

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands hvetur landsmenn á öllum aldri til aukinnar hreyfingar og heilsueflingar.

Nánar um **Ísland á iði**: [www.isi.is/almenningsithrottir/island-a-idi/](http://www.isi.is/almenningsithrottir/island-a-idi/)

## Lífshlaupið



Lífshlaupið er heilsu- og hvatningarverkefni Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands sem höfðar til allra aldurshópa.

Á vef Lífshlaupsins er að finna upplýsingar um fyrirkomulag og reglur keppinnar ásamt öðrum fróðleik.

Nánar um **Lífshlaupið**: [www.lifshlaupid.is](http://www.lifshlaupid.is)





## Hjólað í vinnuna

Hjólað í vinnuna er heilsu- og hvatningarverkefni ÍSÍ. Meginmarkmið verkefnisins er að vekja athygli á hjólreiðum sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta og að efla hreyfingu og starfsanda á vinnustöðum.

Á vef Hjólað í vinnuna er að finna upplýsingar um fyrirkomulag og reglur keppinnar ásamt öðrum fróðleik.

Nánar um **Hjólað í vinnuna**: [www.hjoladivinnuna.is](http://www.hjoladivinnuna.is)



## Hjólum í skólann

Hjólum í skólann er heilsu- og hvatningarverkefni ÍSÍ. Meginmarkmið verkefnisins er að vekja athygli á virkum ferðamáta sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta meðal nemenda og starfsmanna framhaldsskólanna. Ein einfaldasta leiðin til að auka hreyfingu í daglegu lífi er að velja virkan ferðamáta, svo sem göngu, hjólreiðar, hlaup, línuskauta eða hjólabretti.

Á vef Hjólum í skólann er að finna upplýsingar um fyrirkomulag og reglur keppinnar ásamt öðrum fróðleik.

Nánar um **Hjólum í skólann**: [www.hjolumiskolann.is](http://www.hjolumiskolann.is)



## Göngum í skólann

Göngum í skólann er ætlað að hvetja nemendur, foreldra og starfsfólk skóla til að ganga, hjóla, fara á línuskautum eða á annan virkan hátt til og frá skóla.

Árlega taka milljónir barna þátt í Göngum í skólann-verkefninu í yfir fjörutíu löndum víðs vegar um heim.

Nánar um **Göngum í skólann**: [www.gongumiskolann.is](http://www.gongumiskolann.is)



## Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ

Markmið Sjóvá Kvannahlaups ÍSÍ er að hvetja og styðja konur á öllum aldri til aukinnar heilsuefningar. Kvannahlaupið höfðar til allra kvenna þar sem hægt er að velja mislangar vegalengdir.

Á vef Sjóvá Kvannahlaups ÍSÍ er að finna helstu upplýsingar um hlaupið, sögu hlaupsins og hlaupastaði.

Nánar um **Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ**: [www.kvannahlaup.is](http://www.kvannahlaup.is)





HREYFITORG

## Hreyfitorg

Hreyfitorg er gagnvirk vefsíða sem er ætlað að stuðla að aukinni hreyfingu landsmanna. Hlutverk vefsins er að brúa bilið á milli þeirra sem leita eftir þjónustu fyrir sig eða aðra (notenda) og þeirra sem standa fyrir hreyfitilboðum (þjónustuaðila).

Nánar um **Hreyfitorg**: [www.hreyfitorg.is](http://www.hreyfitorg.is)

## Sýnum karakter



Sýnum karakter er verkefni á vegum ÍSÍ og UMFÍ. Verkefnið er hugsað sem verkfæri fyrir þjálfara til að hlúa að og efla andlega og félagslega þætti hjá börnum og unglingum.

Nánar um **Sýnum karakter**: [www.synumkarakter.is](http://www.synumkarakter.is)



FYRIRMYNDARFÉLAG ÍSÍ

## Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ er gæðaverkefni íþróttahreyfingarinnar er snýr að íþróttastarfi.

Nánar um **Fyrirmyndarfélag ÍSÍ**: [www.isi.is/fraedsla/fyrirmyndarfelag-isi/](http://www.isi.is/fraedsla/fyrirmyndarfelag-isi/)

[Smellið hér til að fá upplýsingar um notkun merkis Fyrirmyndarfélags ÍSÍ](#)

